

45 úrskurð á málið á fundi sínum í júnímánuði 1887, að ákvörðun sýslunefndarinnar í
 18. marz Húnavatnssýslu skyldi standa óröskuð að því leyti að áreiðarkostnaðinn skyldi greiða úr sveitarsjóði Vindhælishrepps, og virðist svo sem þjer, herra amtmaður í áðurnefndu brjefi yðar viljið einkanlega styðja þennan úrskurð með því, að hinn umræddi almenningur sje eign Vindhælishrepps alls til móts við Skefilsstaðahrepp, en eigi að eins einstakra jarða í honum, og að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi óbeinlínis samþykkt áreiðina, með því að fara fram á það við amtsráðið, að áreiðarkostnaðurinn væri færður niður.

Jeg get nú ekki fallist á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi á neinn hátt samþykkt áreiðina eða áreiðarkostnaðinn fyrir hönd sveitarsjóðsins, því slíkt samþykki verður hvorki leitt af því atviki, að sýslunefndarmaðurinn úr Vindhælishreppi bar málið upp á sýslufundi Húnavatnssýslu 23. febrúar 1885 nje af því, að hreppsnefndin fór til vara fram á það við amtsráðið að það færði niður áreiðarkostnaðarreikningana, enda hefur hreppsnefndin engin afskipti haft af áreiðinni. En þar sem málið liggur þannig fyrir, verð jeg að vera amtsráðinu samdóma um, sbr. brjef yðar til sýslumannsins í Húnavatnssýslu dagsett 18. júní 1887, að sýslunefndina hafi með öllu brostið heimild til, hvort sem optnefndur almenningur er eign einstakra jarða í Vindhælishreppi eða hreppsins alls, að hlutast til um áreið á merki á almenningnum og til að leggja kostnað af slíkri áreið á hreppssjóð. Skulu því hjerumræddar ályktanir amtráðs og sýslunefndar, að því leyti sem þeim er áfrýjað, úr gildi felldar.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

46 Brjef landshöfðingja til biskupsins um skiptingu bráðabirgðaruppbótar til fá-
 19. marz tækra prestakalla. — Samkvæmt tillögum yðar háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. í gær, vil jeg hjer með fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðaruppbót sú, fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1. Staður í Grindavík	300 kr.
2. Staður í Aðalvík	600 —
3. Tjörn á Vatnsnesi	300 —
4. Miðgarður í Grímsey	400 —
5. Höfði	100 —
6. Lundarbrekka	300 —
7. Sauðlauksdalur	250 —
8. Skarðsping	250 —
9. Stafafell í Lóni	200 —
	2700 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði á venjulegan hátt.

47 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um þókn-
 20. marz un fyrir ritföng hreppstjóra. — Hreppstjórinn í Glæsibæjarhreppi í Eyjarfjarðarsýslu

hefur í erindi nokkru, dags. 27. jan. p. á., er hann hefur sent hingað beina leið, **47**
 spurzt fyrir um það, 1. hvort sýslunefnd hafi eigi vald eða heimild til samkvæmt lands- **20. marz**
 höfðingjabrjefum 23. okt. 1880, 28. marz 1881 og 23. maí 1884, að veita hreppstjórum
 hæfilega þóknun af sveitarsjóði fyrir ritföng, og 2. hvort hreppsnefnd, ef svo sje, eigi
 sje skyld að greiða þóknunina, svo að heita meg, ef nauðsyn ber til, þvingunarsektum,
 ef boðum sýslunefndarinnar er eigi hlýtt. En áður hefur hann fengið úrskurð amtsráðs-
 ins í norður- og austuramtinu í þessu efni á fundi þess í júní f. á., út af kröfu er
 hann hafði gjört um þóknun fyrir ritföng úr sveitarsjóði Glæsibæjarhrepps, en hann er eigi
 ánægður með þann úrskurð.

Út af þessu læt jeg eigi hjálða þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður,
 til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofanefndum hreppstjóra, að sýslunefnd-
 ir hafa hvorki samkvæmt hinum tilvitnuðu landshöfðingjabrjefum nje öðrum ákvörðun-
 um heimild til að skipa hreppsnefndum að greiða hreppstjórum þóknun fyrir ritföng úr
 sveitarsjóði.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kröfu til álags úr landssjóði 48
 til handa Viðvíkurkirkju. — Með þóknanlegu brjefi dags. 7. p. m. hafið þjer, herra **21. marz**
 amtmaður og háæruverðugi herra sent hingað 2 brjef, annað frá prestinum að Viðvík til
 stiptsyfirvaldanna og hitt frá prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi til biskups, og er
 þess farið á leit í brjefum þessum, að stiptsyfirvöld og biskup komi því til leiðar, að
 Viðvíkurkirkja fái greitt 400 kr. álag, er á hana hafi verið gjört með úttekt 30. júní
 1862, þá er konungsjörðin Viðvík með kirkjunni var afhent til prestsseturs í Viðvíkur-
 brauði samkvæmt konungsráðsúrskurði 25. sept. 1854 og dómsmálastjórnarbrjefi 31. okt.
 1861 í makaskiptum fyrir Hjaltastaði með hjáleigum, og leggið þjer það til út af nefnd-
 um brjefum, að jeg hlutist til um að áminnst álagskrafa, 400 kr., verði tekin upp í
 fjárlagafrumvarp það sem lagt verður fyrir næsta alþingi.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að í ofanefndum konungsráðsúrskurði
 25. sept. 1854, er ekkert minnst á álag á Viðvíkurkirkju eða að hana skyldi afhenda
 eptir úttekt, og í ástæðunum fyrir úrskurðinum (Lovsamling for Island XV bls. 718)
 segir að eins að kirkjan sje í góðu standi og eigi að fylgja með í kaupinu, en ekkert er
 þar heldur minnst á neina úttekt eða álag. Það var því engin heimild til þess eptir
 nefndum konungsráðsúrskurði að afhenda kirkjuna eptir úttekt eða gjöra hið umkrafa álag
 á hana. En auk þessa er úttekt sú er framfór á kirkjunni, þá er álagið var gjört,
 byggð á alsendis röngum grundvelli, þar sem úttektarmennirnir gegn allri venju hafa
 miðað álagið við það, að kirkjan, sem var torfkirkja, yrði byggð upp af nýjusem timb-
 urkirkja, en á þennan galla á úttektinni benti hinn páverandi biskup prófastinum í
 Skagafjarðarprófastsdæmi, hinum samasem nú er þar prófastur, með brjefi dags. **17. marz 1864**,
 er þjer, háæruverðugi herra hafið sent mjer eptirrit af eptir beiðni minni, og kvaðst
 biskup þá eigi vegna þessa galla á úttektinni geta farið fram á við stjórnina að fá hið
 gjörða álag, 200 rd., sem prófastur þá hafði mælt til að yrði borgað.